

hverri mínútu gæti óhapp hent, sem kostað gæti þúsundir manns í borginni lífið.


Þrátt fyrir þetta sér Hans Meyer, sá sem hefur haft yfirumsjón með smíði skipanna, ekki ástæðu til að vera með svartsýni. Hann fullyrðir, að þessi tegund tankskipa sé engu hættulegri en venjuleg olíuflutningaskip. Starfsfélagar hans hika ekki við að taka undir orð hans og segja, að ekki hafi nein alvarleg slys hlotizt af völdum þessara skipa. Þeim yfirsést þá atburður, sem átti sér stað í nóvember 1974, er japanskt og líberanskt olíuskip rákust saman í flóanum úti fyrir Tókio. Í þrjár vikur samfleytt velktust brennandi skipin um í sjónum, en þá sökktu japönsk herskip þeim, til að forða Tókio frá stórslysi.


Skipafélögin halda því til streitu, að það hafi aðeins verið bensínið í hliðartönkunum, sem brann en ekki fljótandi jarðgasið, sem verið var að flytja í aðaltönkum skipsins. En í raun-inni kom upp eldur í tveim af fjórum tönkum, sem höfðu að geyma jarðgasið og ef japanski herinn hefði ekki gripið í taumana og sökkt skipunum, hefði gasið haldið áfram að brenna mánuðum saman. En til að sökkva skipunum, þurfti tólf eldflaugar, fjögur tundurskeyti og átta hundruð og fimmtíu handsprengjur.


Þetta risaskip er annað af tveim, sem verið er að smíða í skipasmíðastöð í Kíl, en þau eru hönnuð með það fyrir augum að flytja fljótandi jarðgas.


















Úr formsmiðjunni.

Nýstárleg sýning á Kjarvalsstöðum

Síðastliðinn laugardag opnaði Hörður Ágústsson, listmálari myndlistarsýningu að Kjarvalsstöðum, en þar sýnir hann tæplega 60 myndir, sem eru límdar upp úr borðum, en auk þess allmargar svarthvítar myndir, sem eru eldri en þær sem fyrst voru taldar.

Listamaðurinn sýnir verk „úr lit- og formsmiðju 1953-1976", sem hann nefnir svo, ef til vill til aðgreiningar frá öðrum verkum, t.d. málverkum, því hann stundar tilraunir með form og liti, og er sýning þessi því ef til vill nær vísindum en listum, a.m.k. frá vissum sjónarhornum.



Hörður Ágústsson, listmálari.

Hörður Ágústsson fer þarna nýjar leiðir. Hann notar límbönd og verkfæri úr farangri bókagerðarmanna, klippir þau niður, eða sker og límir á plötur úr harðplasti. Eru plastplöturnar hvítar beggja megin og því líklegar til þess að geta enzt lengi. Límböndin eru með „indpregneruðu" límí, sem er svo gott að það má þvo myndirnar upp úr terpentínu að sögn málarans.

Ef til vill má segja sem svo, að þessar myndir séu tilraunir, ekki „fullunnin vara", séu ekki fremur konsertefni en fingraæfingar, pianósnillinga, eða morgunteygjur listdansara, en eigi að síður verður ekki annað sagt en að sýningin eigi á sér fullan rétt, vegna þeirra miklu lærdóma, sem áhorfendur geta af henni dregið — og sum verkin eru svo sannarlega meira en fingraæfing, og vil ég þar sérstaklega nefna **Glugga no 9, Þrískeyturöð no 26** og **Strengi II no 41**, sem eru hvað sem öllum tilraunum líður, ákaflega heillandi myndlistarverk.

Þá vil ég einnig benda á að sumar hinna smærri mynda, spila saman meira en venja er um myndlistarverk, og þar mynda tvær eða þrjár myndir tvímælalaust eitt verk, ef þær hanga saman á vegg.

Form og litur

Það verður ekki annað sagt en að Hörður Ágústsson kemur mjög á óvart með þessari sýningu. Flestir hefðu talið það eðlilegast að þessi sýning yrði eins konar framhald af sýningu hans í Norræna húsinu í fyrra. Þessi sýning virðist frekar unnin í framhaldi af sýningu í Galleri Súm, þar sem listamaðurinn sýndi svart-hvítar myndir sömu ættar (1972) en nú hefur liturinn bætzt við, og við spyrjum okkur sjálf hvað eru tilraunir með einföld form, ferhyrninga, þríhyrninga, hringi og línur? Þessu reynir Einar Bragi að svara í annars ágætri ritgerð í sýningarskrá, sem þó er svolítið spillt af barnalegu oflofi, en þar segir m.a. á þessa leið:

„Er ekki viðtekin klausa, að afstraktlist sé andstæða natúralisma? Ekki nenni ég að elta ólar við hana. Þó er eins víst það vitnist, að myndirnar þær arna séu hreinræktaður natúralismi. Allt fer eftir því, hvernig á málin er litið. Hér sést að vísu hvorki fjall né maður. En væri arða úr Esjúnni eða flipi úr hægri nasavæng páfans skoðuð í sterkri smásjá, kæmi líklega á daginn að þau væru hugvitsamlega samansett úr aragrúa af örsmáum ferningum, hringjum eða þríhyrningum, ýmislega litum. Geti skaparinn notazt við svo óbrotnar einingar jafnvel þegar hann býr til staðgengil sinn á jörðunni er forvitnum lærisveini ekki láandi, þótt hann langi til að kanna sem rækilegast gildi þeirra í myndlist. Það er þetta sem Hörður Ágústsson hefur verið að kljást við í lita- og formsmiðju sinni. Úr grunnformum — punkti, línu, ferningi, þríhyrningi, hring — byggir listamaðurinn heilan myndheim. Í samröðun þeirra hefur hann á ekkert að treysta nema tilfinningu sína fyrir formspili, hrynjandi. En þetta er arkitektúr, kann einhver að segja. Það má til sanns vegar færa að vissu marki enda arkitektúr í aðra röndina myndlist, sé eitthvað í hann spunnið. En þetta er meira en arkitektúr. Myndlistarmaðurinn hefur óbundnar hendur, þar sem arkitektinn er jafnaðarlega bundinn af hugsun um notagildi verksins, sem mannvirkis, húsnæðis."

Lærdómur og myndlist

Einar Bragi leitast við að sanna, að list sé einnar ættar þrátt fyrir allt og það er auðvelt að vera honum sammála um þau mál. Á hinn bóginn getur margt annað hjálpað en að setjast á skólabekk. Lærðasti söngmaðurinn syngur ekki alltaf bezt, og við vitum ekki hvort Bólu-Hjálmar hefði ort betur ef hann hefði orðið stúdent.

Á hinn bóginn er okkur það öllum ljóst, að viss reynsla er undirstaða allrar listsköpunar. T.d. kom mér í hug þegar við vorum að brjótast gegnum hafísinn norður í Diskóbugt á

Framhald á bls. 19.

